Fiski - Rannsóknir - Ráðgjöf
Jón Kristjánsson, janúar 2013

Fremri Laxá á Ásum
Rannsókn á seiðabúskap 12-14. ágúst 2012

Inngangur

Áin var rannsökuð 12-14. ágúst 2012. Seiði voru veidd með rafmagni (rafveiði) til að fá hugmynd um fjölda þeirra, ástand og vöxt. Veitt var á 3 stöðum, uppi neðan við stíflu, neðan við Hamrakot og við Skollaklappir. Lítið fékkst af laxaseiðum í Fremri Laxá, Engin laxaseiði fundust uppi við stíflu en talsvert við Hamrakot. Þá var vottur af laxaseiðum við Skollaklappir. Mikið fannst af urriðaseiðum í efri ánni þar sem þau eru ríkjandi.


Niðurstöður

Urriði

Tafla 1 sýnir fjölda veiddra urriða á stöðvum 1-3 í Fremri Laxá. Urriðinn er þarna ríkjandi . Þetta er ekkert nýtt, allar rannsóknir hafa sýnt þetta sama. Flest urriðaseiðanna voru úr klaki frá í vor eða 50, ársgök-mlu seiðin voru 15 og einungis veiddust 2 tveggja ára seiði. Lengdardreifing þeirra 65 urriða sem veiddust er sýnd á mynd 2.

				Aldur							
Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	0+		1+		2+		Samtals	Þéttleiki
			m²	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml		Fj/100 m ²
1	N. stíflu	12/8	50	30	5.4	1	10.4	2	11.9	33	66
2	Hamrakot	12/8	30			9	8.2			9	30
3	Skollaklappir	12/8	50	18	4.0	5	7.0			23	46
	Samtals:		130	48	4.7	15	8.5	2	11.9	65	50

Tafla 1. Fjöldi veiddra urriðaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-3 í Fremri Laxá.




Mynd 2. Lengdardreiding allra urriða sem veiddust í Laxá 2012. 65 veiddust í fremri ánni en aðeins 8 í þeirri neðri.

Lax

Tafla 2 sýnir fjölda laxaseiða sem veiddust í einni yfirferð í Fremri Laxá. Mest var af laxaseiðum í ánni neðan við Hamrakot, en þar er grófur mosavaxinn botn, sem veitir gott skjól fyrir seiði. Hvergi veiddust 0+ seiði og engin 3 ára seiði veiddust heldur. Vöxturinn er hraður, 2 ára seiði um 10 sm, þannig að þau leita til sjávar á sínu þriðja vori.

Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	Aldur				Samtals	Þéttleiki
				1+		2+			Fj/100 m ^{2}
	Lax:		m^2	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml		
1	Neðan stíflu	12/8	50					0	0
2	Hamrakot	12/8	30	18	5.7	12	9.9	30	100
3	Skollaklappir	12/8	50	2	6.5			2	4
Samtals:			130	20	6.4	12	9.9	32	

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxaseiða í einni yfirferð í Fremri Laxá. Enginn lax veiddist á stöð 1, neðan stíflu.



Mynd 1. Lengdardreifing laxaseiða í fremri Laxá 2012


Umræða

Urriðinn er nær einráður í ánni, einungis á stöðinni við Hamrakot veiddust eins og tveggja ára laxaseiði en hvergi fengust seiði úr klaki frá haustinu 2011.
Þetta hefur ekki alltaf verið svona því árið 1975 fannst mikið af laxaseiðum en geta skal þess að einungis var veitt á einum stað, nokkru fyrir neðan Hamrakot. Mynd 2 sýnir brot úr skýrslu um veiðarnar 1975 og á mynd 3 er sýnd lengdardreifing aflans.
Þessir bútar eru teknir úr rannsóknarskýrslu frá 1983 en hana má finna hér: http://veidimal.is/files/Skra_0054529.pdf

Fyrri athuganir.

Ég hef nokkru sinnum veitt seiði með rafmagnstæki í Efri-Laxá og hefur jafnan fundist mikið af seiðum, bæði lax og urriða, en yfirleitt voru þau hvorki mæld né talin. Þó er til ein mæling, frá 6/7 1975, þá var veitt ekki langt frá stöð 1. og staðið að veiðunum á svipaðan hátt og nú var gert, þ.e. veitt ca 50 m^2 einu sinni. Þennan dag 1975, veiddust 22 laxaseiði og 34 urriðaseiði, (mynd 2). Hlutfallið lax/urriði hefur þá verið u.þ.b. 2/3, miklu hærra en 1982.

Mynd 2. Rannsókn 1975




Mynd 3. Lengdardreifing 1975

Laxveiði í Fremri Laxá


Tafla 3 sýnir laxveiði í Fremri og Neðri Laxá frá 1987. Tölur vantar frá nokkrum árum en mest hafa veiðst 72 laxar í Fremri Laxá. Samhengi er í afla í efri og neðri hluta Laxár og má sjá það í myndum 4 og 5. Ekki er reynt að túlka þetta frekar en ljóst virðis vera að seiðaframleiðsla í Fremri Laxá leggur einnig til afla í Neðri Laxá.

Ár	Fremri	Neðri
	Laxafli	Laxafli
87	15	1157
88	46	1571
89	16	749
90	5	651
91	42	833
92		861
93	55	1458
94	32	806
95	24	1549
96		627
97		
98		
99		
00	72	770
01	9	562
02	25	559
03	15	308
04	17	462
05	55	679
06	20	365
07	16	536
08	8	503
09	50	1123
10	28	737
11	11	438

Tafla 3.
Fjöldi veiddra laxa í fremri og neðri Laxá á Ásum 1987-2011



Mynd 4. Samband laxaafla í Fremri Laxá, lóðrétti ásinn, og Neðri Laxá, lárétti ásinn, árin 1987-1995



Mynd 5. Samband laxaafla í Fremri Laxá, lóðrétti ásinn, og Neðri Laxá, lárétti ásinn, árin 2000-2011.